

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um friðlýsingu Laugarnestanga

Borgarstjórn samþykkir að hefja undirbúning friðlýsingar Laugarnestanga sem fólkvangs.

Greinargerð

Í Reykjavík eru sex friðlýst svæði: Akurey, Blikastaðakró – Leiruvogur, Fossvogsbakkar, Háubakkar, Laugarás og Rauðhólar. Ýmist eru svæðin friðlýst vegna náttúru- og jarðminja, til að vernda mikilvæga sjó- og vaðfuglabýggð og lífbreytileika eða sem fólkvangur. Sveitarfélög geta haft frumkvæði að friðlýsingu með tillögu til Umhverfisstofnunar og er tillagan skoðuð og metin út frá verndargildi svæðisins í samráði við ráðuneyti umhverfismála og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Laugarnestangi hefur ekki einungis hátt sögulegt og menningarlegt gildi heldur gegnir tanginn einnig mikilvægu hlutverki með tilliti til náttúruverndar. Á svæðinu er síðasta óraskaða fjara á norðurströnd Reykjavíkur vestan Elliðaáa og býr það yfir miklu og fjölbreyttu gróðurfari sem er talsvert mótað af áhrifum mannvistar frá fornu fari en einnig nútímamönnum. Átaks er þörf til að viðhalda náttúrulegu gróðurfari sem á í vök að verjast fyrir ágengum plöntum eins og bjarnarkló og spánarkerfli. Þá er einnig mikilvægt að standa vörð um útsýni frá Laugarnestanga yfir Sundin og til Viðeyjar enda hefur hefur hið sjónræna gildi svæðisins einnig hátt verndargildi.

Mesti hluti Laugarnestanga er nú þegar hverfisverndaður í Aðalskipulagi. Þá er í gildi verndaráætlun Minjastofnunar frá árinu 2016 þar sem má finna yfirlit yfir aðgerðir til að vernda menningarminjar á svæðinu. Ekki hefur gengið nægilega vel að hrinda þeim í framkvæmd né tryggja sómasamlega hverfisvernd. Því er full þörf á að endurskilgreina verndarstöðu Laugarnestanga í ljósi menningar- og náttúruminja svæðisins og hefja vinnu við að friðlýsa svæðið svo hlúa megi betur að því í framtíðinni. Laugarnestangi yrði þá fyrsta friðlýsta svæðið í Reykjavík vegna sögu- og menningaminja og náttúruverndar.

Lög um náttúruvernd, nr. 60, 10. apríl 2013

52. gr. Fólkvangar.

- Að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu álitum Umhverfisstofnunar er heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.
- Umhverfisstofnun annast undirbúning stofnunar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög.